

271. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 8. janúar 2015 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mættir:

Kristín Björg Árnadóttir
Kristjana Hermannsdóttir
Björn H Hilmarsson
Rögnvaldur Ólafsson
Baldvin Leifur Ívarsson
Fríða Sveinsdóttir
Svandís Jóna Sigurðardóttir í forföllum Kristjáns Þórðarsonar
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna á fundinn og óskaði þeim gleðilegs nýs árs. Bauð hún Svandísi Jónu velkomna á sinn fyrsta bæjarstjórnarfund. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1. Fundargerð 122. fundar menningarnefndar, dags. 3. desember 2014.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2. Fundargerð 40. fundar stjórnar Jaðars, dags. 15. desember 2014.**
Varðandi 3. og 4. lið þá samþykkti bæjarstjórn að fela bæjarstjóra að ræða við forstöðumann.
Fundargerðin samþykkt samhljóða
- 3. Fundargerð 2. fundar aðalskipulagsnefndar Snæfellsbæjar, dags. 12. desember 2014.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4. Fundargerð 146. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 2. desember 2014.**
Lagt fram til kynningar.
- 5. Fundargerð 113. fundar stjórnar SSV, dags. 3. desember 2014.**
Lagt fram til kynningar.
- 6. Fundargerð 370. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, dags. 11. desember 2014.**
Lagt fram til kynningar.
- 7. Fundargerð 823. fundar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 12. desember 2014.**
Lagt fram til kynningar.
- 8. Bréf frá félagsamtökum, dags. 5. janúar 2015, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Röst vegna Kúttmagakvölds þann 24. janúar n.k.**
Erindið samþykkt samhljóða, enda fellur það undir reglur Snæfellsbæjar um niðurfellingu á leigu félagsheimilanna.
- 9. Bréf frá Theódóru Matthíasdóttur, dags. 16. desember 2014, varðandi kynningu á umhverfisvottun Snæfellsness.**
Bæjarstjórn vill endilega fá kynningu á umhverfisvottunarverkefni sveitarfélaganna, bæði fyrir starfsmenn sveitarfélagsins og bæjarbúa. Bæjarstjóra var falið að finna hentugan tíma í samvinnu við Theódóru.
- 10. Bréf frá Grundarfjarðarbæ, dags. 30. desember 2014, varðandi ályktun bæjarráðs Grundarfjarðar vegna rofs á ljósleiðaratengingu við Snæfellsnes.**
Bæjarstjórn Snæfellsbæjar tekur heilshugar undir ályktun bæjarráðs Grundarfjarðar og leggur áherslu á að núverandi ástand er óviðunandi, m.a. með tilliti til öryggis bæjarbúa.

11. **Bréf frá Grundarfjarðarbæ, dags. 30. desember 2014, varðandi breytingu á aðalskipulagi vegna aðveitustöðvar. Kynnt aðliggjandi sveitarfélögum.**
Lagt fram til kynningar.
12. **Drög að reglum um efnistöku á steypuefni á Harðakambi.**
Bæjarstjóri fór yfir reglurnar og voru þær síðan bornar upp til atkvæða.
Reglur um efnistöku á steypuefni á Harðakambi voru samþykktar samhljóða og bæjarritara falið að auglýsa þær.
13. **Bréf frá UMFÍ, dags. 12. des. 2014, varðandi tillögu frá 39. sambandsráðsfundi UMFÍ.**
Lagt fram til kynningar.
14. **Bréf frá UMFÍ, dags. 10. desember 2014, varðandi auglýsingu eftir umsóknum um að halda 28. landsmót UMFÍ árið 2017.**
Lagt fram til kynningar.
15. **Bréf frá Stígamótum, dags. 10. desember 2014, varðandi ósk um fjárframlag árið 2015.**
Bæjarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu að svo stöddu.
16. **Bréf frá Sorpurðun Vesturlands, dags. 8. desember 2014, varðandi gjaldskrárbreytingu í Fíflholtum.**
Lagt fram til kynningar.
17. **Minnispunktur bæjarstjóra.**
 - a) Bæjarstjóri sagði frá framvindu málefna Laugagerðisskóla.
 - b) Bæjarstjóri sagði frá því að lántaka ársins 2014 var einungis 59 milljónir í stað þeirra 150 milljóna sem áætlaðar voru í fjárhagsáætlun ársins 2014.
 - c) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðsluyfirlit ársins 2014.
 - d) Bæjarstjóri ræddi starfsmannamál á bæjarskrifstofunni.
 - e) Bæjarstjóri fór yfir tölur yfir snjómokstur í desember, en kostnaðurinn er yfir 6 milljónir, fyrir utan hálkuvarnir.
 - f) Bæjarstjóri sagði frá því að hann væri að fara í vikufrí, frá 13. – 22. janúar.
 - g) Rætt var um opinn kynningarfund um fjárhagsáætlun 2015 og stefnt að því að hafa hann í Klifi í byrjun febrúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:42

Kristín Björg Árnadóttir

Kristjana Hermannsdóttir

Baldvin Leifur Ívarsson

Björn H Hilmarsson

Fríða Sveinsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Svandís Jóna Sigurðardóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari